

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík.

Suðurlandsbraut 2 og Hallarmúli 2, deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð þann 26. september 2000 deiliskipulag fyrir Suðurlandsbraut 2 og Hallarmúla 2.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 20. febrúar 2001.

Porvaldur S. Porvaldsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á reglum um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands, nr. 115/2001.

1. gr.

Við 3. mgr. 5. tl. reglnanna bætist eftirfarandi málslíður:

Daglán sbr. 4. tl. sem tekin verða 28. febrúar 2001 eða 1. mars 2001 með vaxtagildistöku 28. febrúar 2001 skulu vaxtareiknuð miðað við þriggja daga lánstíma, þ.e. samkvæmt 30/360 daga reglunni.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 22. febrúar 2001.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.